

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hvers vegna var vinna við deiliskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut ekki boðin út á almennum markaði, en sjálf hönnunin boðin út í samkeppni?
2. Hvers vegna var heildarskipulagningu LSH ekki lokið áður en ráðist var í byggingu barnspítala, eins og ráðgjafarfyrirtækið Ementor lagði til?
3. Tengist skýrsla breska ráðgjafarfyrirtækisins Weeks frá 1970, sem byggð var á spám um þróun höfuðborgarsvæðisins um og fyrir þann tíma, ákvörðun um fyrirhugaða nýbyggingu LSH við Hringbraut?
4. Hefur verið gerður samanburður á sparnaði og skilvirkni þjónustu í Fossvogi og við Hringbraut í áætlunum um nýbyggingar?
5. Er áætlað að taka nýbygginguna við Hringbraut í notkun í áföngum eða í heild, og hvenær er það áætlað?
6. Hefur verið metin hagkvæmni staðsetningar sjúkrahúss við Hringbraut eða á öðrum lóðum sem taldar eru nær miðju höfuðborgarsvæðisins?

Prentað upp.